



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 6. október 2022

2208004SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frv. um br. á l. um menningarminjar (aldursfriðun mannvirkja), 171. mál

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 22. september sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp. Einnig vísast til umsagnar sambandsins um áformaskjal, sbr. [mál nr. 141 í samráðsgátt](#). Þá vísast einnig til umsagnar Reykjavíkurborgar um sama mál.

Eins og fram kom í fyrrgreindri umsögn, dags. 15. ágúst 2022, er Samband íslenskra sveitarfélaga sammála því að hverfa frá gildandi reglu um aldursfriðun mannvirkja, þar sem miðað er við að mannvirki njóti friðunar að liðnum 100 árum frá byggingu þeirra. Þess í stað verði miðað við að öll mannvirki sem byggð eru fyrir tiltekið ártal njóti friðunar en að yngri mannvirki geti jafnframt notið friðunar á grundvelli sérstakrar ákvörðunar um friðlýsingu, þar sem tekið er tillit til sérstöðu og verndargildis viðkomandi mannvirkis.

Það viðmiðunarár sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. 1923, þarfnast að áliti sambandsins frekari umræðu. Eins og fram kemur í áðurnefndri umsögn sambandsins og einnig í umsögn Reykjavíkurborgar um sama mál eru ágæt rök til þess að miða fremur við annað hvort árið 1915 eða 1918. Ef valið er ártal sem er nær okkur í tíma leiðir það óhjákvæmilega til þess að mannvirkjum sem njóta sjálfkrafa friðunar vegna aldurs muni fjölga umtalsvert, þótt aðeins í undantekningartilvikum sé um sérstakt verndargildi þeirra mannvirkja að ræða.

Hafa verður í huga að víðtæk aldursfriðun getur skert rétt eigenda viðkomandi húsa til að gera á þeim breytingar. Einnig getur hún skert möguleika sveitarfélaga á að gera ráð fyrir endurnýjun hverfa við gerð skipulagsáætlana. Loks getur hún skert möguleika Húsafriðunarsjóðs til að styrkja viðhald eða endurgerð mannvirkja sem sannarlega hafa verndargildi. Leiðarljós löggjafans þarf því að vera að verndarhagsmunir séu eins skýrir og kostur er. Vert er jafnframt að minna á að aldursfriðun er fjarri því að vera eina leiðin til að tryggja varðveislu mannvirkja með hátt verndargildi.

Tillaga

Til að tryggja sem breiðasta sátt um efni frumvarpsins áður en það verður lagt fram á Alþingi leggjur sambandið til að aflað verði umsagnar húsafriðunarnefndar, sem starfar á grundvelli 9. gr. laga um menningarminjar og skal m.a. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um vernd byggingararfsins. Við umfjöllun nefndarinnar mætti m.a. kalla eftir sjónarmiðum nefndarmanna um hvaða áhrif val löggjafans á aldursviðmiði geti

haft á möguleika húsafriðunarsjóðs til að styrkja nauðsynlegar viðgerðir á friðuðum mannvirkjum.

Að lokum vill sambandið undirstrika að það er tilbúið til að ræða mögulegar leiðir til að ná sem bestri sátt um málið. Í því samhengi kann m.a. að koma til álita að skoða leiðir til að draga úr hættu sem kann að stafa af afturvirkni laga með setningu bráðabirgðaákvæðis þar sem kveða mætti á um stöðu mannvirkja sem myndu að óbreyttum lögum njóta aldursfriðunar.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri